




# SKREF 1

# græn SKREF

## 34 Aðgerðir

Uppfylla þarf að minnsta kosti 31 af 34 aðgerðum í skrefi 1



### RAFMAGN & HÚSHITUN

Við höfum sest niður með tölvudeild og ákveðið verklag til að draga úr orkunotkun. Verklagið miðar að því spara rafmagn, m.a. með hvatningu til starfsfólks um að slökkva á tölvum í lok dags og nýta svefnham eða viðbragðsstöðu þegar tölvu er ekki í notkun. Skrifðið í lýsingu hvar þið ætlið að spara.

Við höfum stillt ljósritunarvél, prentara og önnur tæki sem bjóða upp á það þannig að þau fara í viðbragðsstöðu (standby) þegar þau hafa ekki verið í notkun í 5-20 mín.

Við slökkvum á öllum ljósum í þeim rýmum sem ekki eru í notkun og öll ljós í lok dags. Sérstaklega er hugað að fundarherbergjum, geymslum og þar sem dagsbirtu nýtur við. Starfsmenn skiptast á að fylgja þessu eftir.

Við höfum komið fyrir áminningarmiðum við rofa og valdar útgönguleiðir þar sem minnt er á að slökkva ljós í lok dags og á raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.



### FLOKKUN & MINNI SÓUN

Leiðbeiningar um flokkun eru sýnilegar öllum starfsmönnum og á þeim tungumálum sem töluð eru á vinnustaðnum.

Öll ílát eru merkt með viðkomandi úrgangsflokki.

Við flokkum að lágmarki í fimm úrgangsflokka (t.d. pappír, plast, skilgjalds-umbúðir, bylgjupappa og málma) á kaffistofum, í mötuneytum og annars staðar þar sem úrgangur fellur til.

Við flokkum spilliefni eins og lög og reglur kveða á um, s.s. rafhlöður, prenthylki, málningarafganga og flúrperur og skilum til ábyrgrar förgunar.

Við endurnotum pappír sem prentað er á öðrum megin. Við prentara og ljósritunarvél er slíkur pappír safnað á sérmerktan stað og hann t.d. nýttur sem minnisblöð.



### VIÐBURÐIR & FUNDIR

Við bjóðum upp á kranavatn en ekki vatn í einnota drykkjarumbúðum. Þegar viðburðir eru haldnir af utanaðkomandi aðila er þessari kröfu komið á framfæri við staðarhaldara.

Á viðburðum okkar og fundum utan- og innanhúss er einungis boðið upp á margnota borðbúnað (diska, rör, hrætur o.fl.). Þegar viðburðir eru haldnir utanhúss er þessari kröfu komið á framfæri við staðarhaldara.

Í kynningarefni um viðburði og fundarboðum á okkar vegum hvetjum við þátttakendur til að nota umhverfisvænni ferðamáta til og frá viðburðum (nefna dæmi).



### SAMGÖNGUR

Það er góð aðstaða til að læsa hjólum fyrir starfsmenn og gesti fyrir utan vinnustaðinn.

Þegar farið er á fundi getur starfsfólk nálgast strætómíða á vinnustaðnum eða fengið slíkan míða sendan í gegnum Strætó appið.

Við bjóðum upp á samgöngusamninga fyrir starfsfólk sem ferðast til og frá vinnu á hjóli, gangandi eða með strætó. Þessi möguleiki er kynntur öllum starfsmönnum árlega.

Við höfum óskað eftir því við helstu samstarfsaðila okkar erlendis og innanlands að fleiri fundi sé hægt að sækja í gegnum fjarfundi.

Við tökum þátt í áttakinu Hjólað í vinnuna (átak fyrir hjólandi, gangandi og þá sem nota almenningsamgöngur).

Við bjóðum upp á viðveru í gegnum fjarfundarbúnað á þeim fundum sem við boðum fyrir þá sem það kjósa.



### INNKAUP

Innkaupafólk þekki áreiðanlegu umhverfismerkin (týpa 1) og lífrænar vottanir. Vörur sem bera slíkar vottanir eru valdar fram yfir aðrar.

Áður en innkaup fara fram spyr innkaupafólk sig: 1) Er þetta nauðsynlegt? 2) Getum við gert við eitthvað sem við eigum til nú þegar í staðinn fyrir að kaupa nýtt? 3) Getum við fengið þetta lánað? 4) Er hægt að kaupa þetta notað?

Teymi Grænna skrefa hefur sest niður með þeim sem koma að innkaupum í starfs-seminni og farið í sameiningu yfir allar aðgerðir skrefanna sem snerta innkaup. Við leggjum áherslu á að innkaupafólk og teymi Grænna skrefa geti leitað til hvers annars varðandi ráðleggingar um vistvæn innkaup.

Við kaupum einungis umhverfisvottaðan prentpappír, umslög og annað bréfsefni (áreiðanleg umhverfismerki, týpa 1).

Við kaupum ávallt raftæki í besta flokki orkumerkinga sem er í boði skv. orkuflokkum Evrópusambandsins.

Við skiptum einungis við umhverfisvottaðar prentsmiðjur. Við óskum eftir umhverfis-vottuðum (týpa 1) prentgripum hjá prentsmiðjum.

Við höfum farið yfir hreinlætis- og ræstivörur okkar og sett af stað áætlun um að fasa út þær sem ekki eru umhverfisvottaðar.



### MIÐLUN & STJÓRNUN

Við höfum hafið vinnu við Grænt bókhald og munum skila því í Gagnagátt Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl ár hvert framvegis.


Við höfum skipað teymi sem sér um skipulag og innleiðingu Grænna skrefa á öllum starfsstöðvum. Einnig er skipaður tengiliður við verkefnisstjórn Grænu skrefanna hjá Umhverfisstofnun.

Við höfum kynnt Græn skref stofnunarinnar fyrir starfsfólki okkar t.d. úrgangsflokkun og samgöngukosti. Nýir starfsmenn fá allir slíka kynningu. Starfsfólk okkar er hvatt til að líka við Facebooksíðu Grænna skrefa.

Við erum meðvituð um lagalega skyldu okkar til að setja okkur loftslagsstefnu. Við höfum kynnt okkur leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um gerð umhverfis- og loftslagsstefnu.

Starfsmenn okkar fá minnst 3 sinnum á ári sendar upplýsingar um umhverfismál í tölvupósti eða þær birtar þeim með öðrum hætti t.d. á innri vef.

Við höfum látið húseiganda eða rekstrarfélag húseignar skriflega vita af umhverfisstarfi okkar og óskað eftir samstarfi um úrbætur í umhverfismálum t.d. aðstöðu fyrir flokkun úrgangs, aðstöðu fyrir hjól eða lýsingu húsnæðis. Einnig höfum við látið nágretta sem deila með okkur húsnæði vita af þátttöku okkar í Grænum skrefum.



### ELDHÚS & KAFFISTOFUR

Við höfum óskað eftir upplýsingum frá okkar mötuneytisþjónustu um umhverfisstefnu, forvarnir þeirra gegn matarsóun, framboð af lífrænum matvælum og grænkeraréttum á matseðli. Ef útboð á mötuneytisþjónustu er yfirvofandi köllum við eftir þessum upplýsingum.

Við notum eingöngu margnota borðbúnað svo sem diska, glös, bolla, hnífapör, borðdúka, rör og drykkjarpinna. Athugið að þetta á líka við um matarílat sem notuð eru til að taka mat með úr mötuneyti.

Í mötuneyti og á kaffistofum eru upplýsingar til starfsmanna og gesta um að draga úr matarsóun (plaköt, áminningarlimmiðar eða ísskápaseglar með upplýsingum).

Við höfum hagað framsetningu á matseðli þannig að efsti valkosturinn er alltaf umhverfisvænasti kosturinn.

Við lýsum innihaldi rétta nákvæmlega án þess að nota merkimiða (með merkimiðum er átt við merkingar á matseðli eins og kjötréttur, fiskiréttur, grænmetisréttur, veganréttur, grænkeraréttur).